



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Flóahreppur, floahreppur@floahreppur.is
Lögreglan á Suðurlandi, sudurland@logreglan.is
Brunavarnir Árnessýslu, arnessysla@eldvarnaeftirlit.is
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hsl@hsl.is
Vinnueftirlit Suðurlands, vinnueftirlit@ver.is

Höfn, 13 desember 2018

Efni: Umsókn um tækifærisleyfi.

Embætti sýslumannsins á Suðurlandi hefur borist umsókn um tækifærisleyfi í Félagslund þann 26 til 27 janúar frá Ölmú Önnu Oddsdóttur, kt. 091072-5059, sbr. meðfylgjandi umsókn.

Með vísan til 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögnum framangreindra aðila um áður nefnda umsókn um tækifærisleyfi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið 447leyfi@syslumenn.is



Virðingarfyllst,
f.h. sýslumannsins á Suðurlandi


Egill Marteinn Benediktsson



UMSÓKN UM TÆKIFÆRISLEYFI.

Athugið að umsóknir skulu berast með þriggja vikna fyrirvara

- Tækifærisleyfi kr. 10.000.- (t.d. úthátíðir, útitónleikar og tjaldsankomur)
 Tímabundið áfengisleyfi kr. 31.500.- (ekki veitt oftar en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar)

Umsækjandi:

| | | | |
|-----------------|-----------------------|------------|------------|
| Nafn: | Alma Anna Ólafsdóttir | Kennitala: | 0910725059 |
| Heimili: | Hraunholt | Sími: | 695-8526 |
| Pnr. og staður: | 801 Selfoss | Gsm: | |
| Netfang: | alma@mattur.is | | |

Framkvæmdastjóri/ábyrgðamaður umsækjanda:

| | | | |
|-----------------|-----------------------|------------|-------------|
| Nafn: | Alma Anna Ólafsdóttir | Kennitala: | 091072-5059 |
| Heimili: | Hraunholt 801 | Sími: | 6958526 |
| Pnr. og staður: | 801 Selfoss | Gsm: | |
| Netfang: | alma@mattur.is | | |

Staðsetning skemmtanahaldsins:

| | | | |
|---------------|--------------|------------|------------|
| Nafn staðs: | Felagslundur | Kennitala: | 6006061310 |
| Heimilisfang: | 801 Þingberg | Pnr.: | 801 |

Tækifærisleyfi:

| | | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|----------|-----------|--------------|
| Tílofti skemmtanahalds: | | | Gestafjöldi: |
| Þorrlát / hjónaball | | | 120+ |
| Frá dags: | Frá kl.: | Til dags: | Til kl.: |
| 26.01 | 2000 | 29.01 | 0300 |
| Helstu dagskráratriði: | | | |
| Skemmtiatriði, bardhatal og ball með hjómsveit | | | |
| <input type="checkbox"/> Óskad er eftir útvegum lögreglumanna til dýravörslu og eftirlits: | | | |
| Dýravörslu og eftirlit annast (ef aðrir en lögreglan): | | | |
| Verður samkoman auglýst og þá hvernig: | | | |
| Aðrir auglýsing, (?) auglýsing í dagskranna samfélagsmiðlar | | | |

Athugasemdir umsækjanda:

| | |
|------------------------|------------------------------|
| Yfirumsjón dýravörslu: | Kristinn Mar s: 8973743 |
| | Bjarni Sigurðsson s: 6606868 |
| | Bjarnur Magnússon s: 8686758 |

Athgli umsækjanda er vakin á að samkvæmt höfundarlögum ber honum að afla heimildar hjá réttihöfum tónlistar áður en hún er leikin á skemmtunum. Leyfi til tónslutnings veitir STEF.

Selfoss 13.12.2018
Staður Dags.
Alma Anna Ólafsdóttir
Undirskrift umsækjanda/ábyrgðamanns

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: 14. desember 2018 09:00
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Frá nefndasviði Alþingis - 417. mál til umsagnar

SF_214

From: Hildur Edwald <hildure@althingi.is>
Sent: 13. desember 2018 16:49
Subject: Frá nefndasviði Alþingis - 417. mál til umsagnar

13. desember 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, 417. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 14. janúar nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0558.html>.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Þent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Hildur Edwald

skjalaritari

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0422

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: 14. desember 2018 09:01
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Frá nefndasviði Alþingis - 443. mál til umsagnar

SF_214

From: Hildur Edwald <hildure@althingi.is>
Sent: 13. desember 2018 16:02
Subject: Frá nefndasviði Alþingis - 443. mál til umsagnar

13. desember 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi, 443. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 14. janúar nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0631.html>.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Þúnt skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Hildur Edwald

skjalaritari

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræfi 8-10

150 Reykjavík

sími 563-0422

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: 7. desember 2018 14:34
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Til umsagnar 409. mál frá nefndasviði Alþingis

SF_214

From: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>
Sent: 7. desember 2018 13:47
Subject: Til umsagnar 409. mál frá nefndasviði Alþingis

7. desember 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019--2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. janúar nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0550.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Bestu kveðjur,
Sigrún Helga

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sigruns@althingi.is
www.althingi.is
s. 563-0500

MÓT. 6/11/18



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 1. nóvember 2018
Tilv.: SRN18100086/7.2

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt til umsagnar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur lagt drög að nýrri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Í drögunum eru gerðar breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga og efni gildandi reglugerðar, nr. 960/2010, uppfært í takt við breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga eru byggðar á vinnu sem hefur farið fram við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs á undanförunum árum. Markmið þeirra eru að:

- auka jöfnuð milli sveitarfélaga.
- styrkja millistór sveitarfélög og draga úr framlögum til tekjuhærri sveitarfélaga.
- draga úr neikvæðum áhrifum vegna sameiningar sveitarfélaga á framlög sjóðsins til útgjaldajöfnunar og styrkja þar með hvata til sameiningar.
- auka framlög til sveitarfélaga sem eru með hlutfallslega mörg börn á grunnskólaaldri, sveitarfélaga sem hafa marga þéttbýliskjarna og sveitarfélaga á vaxtarsvæðum.

Gert er ráð fyrir því að framangreindar breytingar taki gildi um næstu áramót.

Meðfylgjandi er yfirlit samantektar um áhrif breytinganna og drög að nýrri reglugerð.

Slóðin á samráðsgátt stjórnvalda er eftirfarandi: <https://samradsgatt.island.is/oll-mal>

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Guðstafur Aron Guðstafsson

Tillögur að breytingum á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga – samantekt.

Unnið hefur verið að því í nokkurn tíma að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í áfangaskýrslu endurskoðunarnefndar frá október 2017 voru skilgreind nánar markmið endurskoðunarinnar og bent á tvær leiðir til að ná þeim markmiðum. Annars vegar að gera tilteknar breytingar á núverandi regluverki og hins vegar að setja upp nýja aðferðafræði þar sem helstu jöfnunarframlög yrðu sameinuð í eitt jöfnunarkerfi. Það var mat nefndarinnar að ný aðferðafræði þyrfti lengri aðdraganda en hægt væri að hefjast handa við að kynna hana og kalla eftir umræðu.

Tillögur nefndarinnar voru fyrst kynntar á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2017 og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sama ár. Þær hafa síðan verið kynntar á landsþingi sambandsins 2018 og nýliðnum ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Með hliðsjón af þessum tillögum liggja nú fyrir tillögur til breytinga á reglum Jöfnunarsjóðs er varða útgjaldajöfnunarframlög, sbr. reglugerð 960/2010 með síðari breytingum. Lagðar eru til ferns konar breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlags. Markmið breytinganna eru meðal annars að:

- Auka jöfnuð milli sveitarfélaga.
- Styrkja millistór sveitarfélög og draga úr framlögum til tekjuhærra sveitarfélaga.
- Draga úr neikvæðum áhrifum vegna sameiningar sveitarfélaga á útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins og styrkja þar með hvata til sameiningar.
- Auka framlög til sveitarfélaga sem eru með hlutfallslega mörg börn á grunnskólaaldri, sveitarfélaga sem hafa marga þéttbýliskjarna og sveitarfélaga á vaxtarsvæðum.


Helstu breytingum á reglugerðinni er lýst í eftirfarandi samantekt.

1. Breyting á hagkvæmnilínu

Fyrst ber að nefna breytingu á svokallaðri hagkvæmnilínu sem mun leiða til þess að sveitarfélög með fleiri en 2.400 íbúa fá aukið vægi við útreikning framlaganna. Hagkvæmnilínan endurspeglar útgjaldaþörf sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir stærðarhagkvæmni að vissu marki og er hagkvæmisstuðull hvers sveitarfélags því fundinn út frá íbúafjölda þess.

Þegar íbúafjöldaframlögin hafa verið reiknuð er hagkvæmisstuðull hvers sveitarfélags margfaldaður við framlagið. Í núverandi kerfi skerðist framlagið þegar íbúafjöldinn nær 2.400 en gerð er sú tillaga að færa mörkin í 2.900 íbúa. Að sama skapi er sú breyting gerð að skerðingarhlutfallið verður 0,215 þegar íbúafjöldinn er á bilinu 10.000-16.000 í stað 9.000-15.000 eins og það er í dag. Stuðullinn verður núll þegar íbúafjöldinn er kominn í 22 þúsund líkt og í núverandi kerfi.

Með þessu er verið að styrkja millistór sveitarfélög sem mörg hver hafa verið í miklum vexti undanfarin ár. Einnig mun breytingin draga úr lækkun framlaga við stærri sameiningar sem oft er horft til þegar sveitarfélög eru að huga að sameiningum.



2. Breyting á vægi í viðmiðum

Önnur tillagan snýr að breytingu á viðmiðum við útreikning útgjaldajöfnunarframlaga. Hvert viðmið fær ákveðið vægi í heildarupphæð framlagsins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að vægi fjarlægða væri of mikið í núverandi reglum. Útgjaldajöfnunarframlög hafa hækkað mikið síðustu ár og þar sem vægi fjarlægða hefur staðið í stað hækkar einnig fjárhæðin sem sveitarfélög fá á grundvelli fjarlægðaviðmiðs. Nefndin var sammála um að þetta vægi væri of mikið í dag og endurspegli ekki með markvissum hætti útgjaldaþörf sveitarfélaga. Lagt var til að draga úr vægi fjarlægða og þess í stað að auka vægi íbúa á aldrinum 6-15 ára og vægi þéttbýlisstaða umfram einn. Fyrir vikið fá sveitarfélög sem eru með þéttbýliskjarna og sameinast aukin framlög á grundvelli fjölda þéttbýlisstaða. Breytingar á vægi má sjá í töflunni í lið 3.

3. Nýtt viðmið

Gerð er tillaga um að bæta við nýju viðmiði á grundvelli fjölgunar íbúa. Nú þegar eru veitt framlög vegna fækkunar íbúa en á undanförunum árum hefur þetta framlag dreift á nokkur fámenn sveitarfélög. Af þeim sökum er verið að veita fullhá framlög vegna fækkunar vegna oft á tíðum hlutfallslega líttillar fækkunar. Lagt er til að lækka vægi vegna fækkunar íbúa úr 2,5% í 1,5% og láta vægi vegna fjölgunar íbúa verða 1%. Bent hefur verið á að mikil útgjöld fylgi því þegar sveitarfélög eru í miklum vexti og hefur verið kallað eftir því að Jöfnunarsjóður veiti sérstaklega framlög vegna þess. Hér er verið að mæta þeim kröfum að einhverju leyti.

Þá er lagt til að í viðmiði um fjölda þéttbýlisstaða verði höfuðborgarsvæðið skilgreint sem einn þéttbýlisstaður að undanskildu Kjalarnesi. Áhrifin af þessu verða þau að Garðabær fær ekki lengur framlag vegna Álftanes og Mosfellsbær missir framlag vegna byggðakjarna í Mosfellsdal. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að Álftanes og Mosfellsdalur eru eins og önnur stór hverfi á höfuðborgarsvæðinu út frá fjarlægðarsjónarmiðum og því ekki réttlátt að veita þessum tveimur sveitarfélögum framlög vegna þeirra.


Breytingarnar má sjá í töflunni hér að neðan.

| Íbúafjöldaviðmið | Núverandi vægi | Breytt vægi | Breyting | Breyting á fjárhæð |
|-----------------------|----------------|---------------|-------------|--------------------|
| 0-5 ára | 31,1% | 31,1% | 0,0% | 0 |
| 6-15 ára | 22,4% | 23,9% | 1,5% | 126.750.000 |
| 16-66 ára | 7,5% | 7,5% | 0,0% | 0 |
| 67-80 ára | 9,6% | 9,6% | 0,0% | 0 |
| 81 árs og eldra | 6,2% | 6,2% | 0,0% | 0 |
| Nýbúar 0-5 ára | 2,5% | 2,5% | 0,0% | 0 |
| Samtals | 79,4% | 80,9% | 1,5% | 126.750.000 |
| Önnur viðmið | | | | |
| Fjarlægðir | 11,2% | 7,9% | -3,3% | -279.334.395 |
| Fjöldi þéttbýlisstaða | 3,7% | 5,5% | 1,8% | 152.584.395 |
| Fækkun íbúa | 2,5% | 1,5% | -1,0% | -93.757.962 |
| Fjöldun íbúa | 0,0% | 1,0% | 1,0% | 93.757.962 |
| Snjómokstur | 3,2% | 3,2% | 0,0% | 0 |
| Samtals | 20,6% | 19,1% | -1,5% | -126.750.000 |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | 0,0% | 0 |

4. Breyting á tekjuskurðingu

Fjórða tillagan er breyting á tekjuskurðingu í útgjaldajöfnunarframlaginu. Í núverandi reglum byrjar stuðull vegna tekjuskurðingar að lækka þegar meðaltekjur á hvern íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélagsins, eru 4% yfir meðaltali sambærilegra sveitarfélaga. Þegar meðaltekjur eru orðnar 30% yfir meðaltali fellur framlagið alveg niður. Þess á milli er skurðing hlutfallsleg. Lagt er til að lækka efri mörkin þannig að framlög falli alveg niður þegar meðaltekjur eru orðnar 23% yfir meðaltali. Ekki verður gerð breyting á neðri mörkum skurðingar.

Á undanförunum árum hafa aukist nokkuð framlög til sveitarfélaga sem hafa mikla tekjumöguleika, þ.e.a.s. eru með meðaltekjur yfir meðaltali. Að auki hefur verið í umræðunni að „rík sveitarfélög“ fái há framlög frá Jöfnunarsjóði. Til að stemma stigu við þessari þróun er æskilegt að skerpa á tekjuskurðingunni sem veldur því að tekjuminni sveitarfélög njóta góðs af á kostnað tekjuhærra sveitarfélaga.



REGLUGERÐ um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

2. gr.

Yfirstjórn sjóðsins.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í umsjá og vörslu ráðuneytisins sem annast daglegan rekstur og afgreiðslu á hans vegum, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

Ráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 6. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 3. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar ráðherra sjö manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Sex nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum, önnur en bundin framlög skv. 6. gr.

Kostnaður við störf ráðgjafarnefndar greiðist úr Jöfnunarsjóði.

II. KAFLI

Tekjur Jöfnunarsjóðs.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og tryggingagjöldum. Þar af skal fjárhæð er nemi 0,235% af innheimtum skatttekjum og tryggingagjöldum renna til málefna fatlaðs fólks.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 1. er nemi 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
 2. er nemi 0,99% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.
- d. Vaxtatekjur.

III. KAFLI

Framlög úr Jöfnunarsjóði.

5. gr.

Tegundir framlaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk sbr. ákvæði þessa kafla.

6. gr.

Bundin framlög.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér greinir, í samræmi við greiðsluáætlun sem liggja skal fyrir í byrjun hvers árs:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,7% af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og 1. tölulið c-liðar 4. gr. að frádregnum framlögum skv. d-lið 7. gr. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 1,76% af tekjum sjóðsins, skv. a- og b-lið 4. gr. að frádregnum framlögum skv. d-lið 7. gr. og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna. Framlög skulu greidd mánaðarlega.
- c. Til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, með síðari breytingum. Framlög skulu greidd á tveggja mánaða fresti eftir á.
- d. Til Tryggingastofnunar ríkisins vegna eftirlaunasjóðs aldraðra skv. 22. gr. laga nr. 113/1994 með síðari breytingum. Framlög skulu greidd í desember ár hvert.
- e. Til húsafríðunarsjóðs skv. 43. gr. laga nr. 80/2012. Framlög skulu greidd fyrir 1. maí ár hvert.

Framangreindum aðilum, er njóta framlaga úr Jöfnunarsjóði, sbr. lið a-e, ber að skila endurskoðuðum ársreikningi ásamt ársskýrslu til sjóðsins.

7. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, svo sem með þátttöku í kostnaði við undirbúning og framkvæmd sameiningar, framlögum til að mæta tekjutapi vegna lækkunar á jöfnunarframlögum skv. 8. gr. og með framlögum til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar, þ.m.t. framlögum fyrir allt að 50% stofnkostnaðar grunnskólamannvirkja og leikskóla. Aðstoð má veita í allt að fimm ár frá og með sameiningarári, á grundvelli reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 127. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga með styrk eða láni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðgjafarnefnd, eftir atvikum í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
- c. Til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbylum, sbr. reglugerð nr. 180/2016, allt að 25 m.kr. á ári.
- d. Til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, allt að 30,1% af tekjum sjóðsins skv. a-lið 4. gr., sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.
- e. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, sbr. 11. gr.

8. gr.

Jöfnunarframlög.

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög:

- a. Tekjujöfnunarframlögum, sbr. nánar 12. gr., skal úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Útreiknið framlög skulu miðast við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra, þar á meðal framlög skv. d-lið 7. gr. Framlög skulu greidd sveitarfélögum að ¼ hlutum fyrir 1. nóvember ár hvert en endanlegt uppgjör fer fram fyrir árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 12. gr. Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- b. Útgjaldajöfnunarframlögum, sbr. nánar 13. gr., skal varið til að mæta mismunandi útgjaldabörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldabörf, svo sem íbúafjölda, fjarlægða, skólaaksturs úr dreifbýli, akstursþjónustu fyrir fatlað fólk o.fl. Framlög skulu greidd sveitarfélögum mánaðarlega. Þó skal heimilt að halda eftir allt að 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 2. mgr., verður minna eða útgjöld meiri en áætlað var. Endanlegt uppgjör skal fara fram eigi síðar en í árslok á grundvelli upplýsinga um íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar á sama ári og leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum Jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr.

9. gr.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. a-lið 6. gr. og hlutdeild í kostnaði skv. 3. mgr. 2. gr., skal varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga af kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, þ.m.t. kostnað vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og innflytjenda, og til greiðslu kostnaðar vegna þjónustusamninga sem sjóðurinn gerir skv. 2. mgr. 13. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga af yfirfærslu grunnskólans en um úthlutun framlaga fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 351/2002 með síðari breytingum.

9. gr. a

Skerðing framlaga.

Við útreikning jöfnunarframlaga, skv. d-lið 7. gr. og 9. gr. skulu framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, falla niður.

10. gr.

Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks.

Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skv. 2. tölul. c-liðar 4. gr. að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, framlagi í fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hlutdeild í kostnaði, skv. 3. mgr. 2. gr., að viðbættum beinum framlögum á fjárlögum, skal varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða. Við úthlutun framlaga skal hafa hliðsjón af auknum útsvarstekjum einstakra sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Framlöggin skulu reiknuð á grundvelli fjölda einstaklinga og þjónustuþarfa þeirra í hverju sveitarfélagi og á hverju þjónustusvæði en um úthlutun þeirra fer samkvæmt ákvæðum sérstakrar reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga.

IV. KAFLI

Nánar um einstök framlög.

11. gr.

Framlög til sérstakra verkefna.

Heimilt er að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, sbr. e-liður 7. gr.

Umsóknir um framlög til sérstakra verkefna skal senda Jöfnunarsjóði eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Ráðgjafarnefnd er heimilt að leita álits sérfræðinga á einstökum umsóknum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til notagildis verkefnanna í almannáþágu.

Þeir sem hljóta framlag samkvæmt þessari grein skulu skila skýrslu um framkvæmd verkefnis til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eigi síðar en einu ári eftir að framlagi var úthlutað. Ef sótt er um áframhaldandi stuðning við verkefni, sem áður hefur hlotið framlag úr Jöfnunarsjóði, ber umsækjanda að láta fylgja umsókn áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins.

Ráðgjafarnefnd getur sett nánari vinnureglur um meðferð umsókna.

12. gr.

Tekjujöfnunarframlög.

Ráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs. Við gerð skrár skv. 1. másl. skal einnig taka tillit til jöfnunarframlaga sem sveitarfélög fá vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl á hvern íbúa:

- í Reykjavíkurborg,
- í öllum sveitarfélögum með 12.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavíkurborg,
- í öllum sveitarfélögum með 300-11.999 íbúa,
- í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið 2. mgr. skal sleppa tekjum sem einstök sveitarfélög hafa af álagningu fasteignaskatts og framleiðslugjaldi af virkjunum og stórfyrirtækjum, enda hafi þær tekjur veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d-lið 2. mgr. sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 97% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr. skal greiða sveitarfélagi tekjufnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

Heimilt er að miða tekjufnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa við c-lið 2. mgr. enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.

Heimilt er að skerða tekjufnunarframlag til sveitarfélags ef það vanrækir að viðhalda eðlilegu fasteignamati í sveitarfélaginu.

13. gr.

Útgjaldajöfnunarframlög.

Í desember skal liggja fyrir áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á næsta ári eftir skiptingu þeirra í A- og B-hluta. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um tekjur sjóðsins á fjárlögum ársins og íbúaskrá sveitarfélaganna í október árið á undan ásamt öðrum þeim gögnum sem byggt er á við útreikning framlaganna.

Útgjaldajöfnunarframlög á grundvelli A- og B-hluta skal skerða hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög. Skerðingin hefst þegar meðaltekjur á íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 4% yfir meðaltali í hverjum viðmiðunarflokki skv. 2. mgr. 12. gr. Framlög falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 23% yfir meðaltali. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

A-hluti

Hlutfallsleg skipting þess fjár sem er til ráðstöfunar samkvæmt A-hluta þessarar greinar ræðst af eftirfarandi:

| Viðmið: | Hlutfall af heild: |
|-------------------------------------------|--------------------|
| 1. Fjöldi íbúa á aldrinum 0-5 ára | 31,1% |
| 2. Fjöldi íbúa á aldrinum 6-15 ára | 23,9% |
| 3. Fjöldi íbúa á aldrinum 16-66 ára | 7,5% |
| 4. Fjöldi íbúa á aldrinum 67 ára og eldri | 9,6% |
| 5. Fjöldi íbúa á aldrinum 81 árs og eldri | 6,2% |
| 6. Fjöldi innflytjenda á aldrinum 0-5 ára | 2,6% |
| Samtals íbúatengd framlög: | 80,9% |
| 7. Fjarlægðir innan sveitarfélaga | 7,9% |
| 8. Fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn | 5,5% |
| 9. Fækkun íbúa | 1,5% |
| 10. Fjölgun íbúa | 1,0% |
| 11. Snjómokstur í þéttbýli | 3,2% |
| Alls: | 100% |

Skýringar á útreikningi framlaga:

a. **Íbúatengd framlög:** Við útreikning íbúatengdra framlaga, sbr. 1.-6. tölu., skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda í sveitarfélagi í viðkomandi aldurshópi. Framlag til hvers sveitarfélags tekur mið af hlutfallslegum íbúafjölda þess af heildaríbúafjölda á landinu öllu innan hvers viðmiðunarflokks. Þegar lokið er útreikningi íbúatengdra framlaga samkvæmt framangreindu skal umreikna þau með tilliti til stærðar hvers sveitarfélags, á grundvelli eftirfarandi stuðla sem byggjast á íbúafjölda sveitarfélags. Stuðlarnir eru fundnir þannig (sjá fylgiskjal 1):

Sveitarfélög með færri en 2.900 íbúa fá stuðulinn 1,0.

Sveitarfélög með 2.900-10.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0-0,215.

Sveitarfélög með 10.000-16.000 íbúa fá stuðulinn 0,215.

Sveitarfélög með 16.000-22.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,215-0.

Sveitarfélög með fleiri en 22.000 íbúa fá stuðulinn 0.

b. Fjarlægðir: Við mat á útgjaldabörf sveitarfélags skal taka tillit til fjarlægða innan sveitarfélags og hlutfalls íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Fjarlægðir í sveitarfélögum skulu mældar á eftirfarandi hátt:

1. Settir skulu punktar á ystu mörk sveitarfélags, þó aldrei lengra en á ystu mörk byggðar, í norðri, austri, suðri og vestri, eða annars staðar eftir landfræðilegum aðstæðum í sveitarfélagi.
2. Vegalengdir skulu mældar frá þessum punktum miðað við stystu akstursleið að stærsta þéttbýliskjarna sveitarfélags eða miðpunkti þess ef enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu.
3. Þannig mældar vegalengdir skal síðan margfalda með stuðlum sem eru mismunandi eftir sveitarfélögum og miðast við hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Heimilt er að líta eingöngu á stærsta þéttbýlisstaðinn eða -staðina sem þéttbýli. Stuðlana skal reikna þannig:
 - i) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 0 til 50 fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,1-1,0.
 - ii) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 50 til 90 fá stuðulinn 1,0.
 - iii) Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis frá 90 til 100 fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0-0,0.

c. Fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn: Við útreikning skal taka tillit til sérstakrar útgjaldaparfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins. Höfuðborgarsvæðið telst allt vera einn þéttbýlisstaður í þessum skilningi, að undanskildu Kjalarnesi. Útreikningum skal þannig hagað að fjármagn skiptist hlutfallslega á eftirfarandi hátt:

1. 60% skal skipta á grundvelli íbúafjölda í þéttbýlisstöðum umfram einn.
2. 40% skal skipta eftir fjölda þéttbýlisstaða umfram einn í hverju sveitarfélagi.

d. Fækkun íbúa: Ef íbúum sveitarfélags hefur á síðustu þremur árum fækkað árlega um meira en 1% að meðaltali skal reikna út framlag vegna fólksfækkunar. Við útreikninga framlagsins er horft til hver sé meðalfækkun sveitarfélagsins í íbúum talið sem er umfram 1%. Sá íbúafjöldi er síðan lagður saman hjá öllum sveitarfélögum og framlag til hvers sveitarfélags er í samræmi við hlutfall þess í heildarfækkun umfram 1%.

e. Fjölgun íbúa: Ef íbúum sveitarfélags hefur á síðustu þremur árum fjölgað árlega um meira en 2,5% að meðaltali skal reikna út framlag vegna fólksfjölgunar. Við útreikninga framlagsins er horft til hver sé meðalfjölgun sveitarfélagsins í íbúum talið sem er umfram 2,5%. Sá íbúafjöldi er síðan lagður saman hjá öllum sveitarfélögum og framlag til hvers sveitarfélags er í samræmi við hlutfall þess í heildarfjölgun umfram 2,5%.

f. Snjómokstur í þéttbýli: Framlögum skal úthlutað til sveitarfélaga á snjóþyngstu svæðum landsins vegna útgjalda af snjómokstri gatna í þéttbýli sveitarfélags á grundvelli vinnureglna sem ráðherra setur skv. tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

B.

Fjármagn sem til ráðstöfunar er samkvæmt B-hluta þessarar greinar rennur til framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli og akstursþjónustu fyrir fatlað fólk:

Skólaakstur úr dreifbýli: Útreikningur framlaga byggist á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Framlög taka mið af lengstu akstursvegalengd innan hverrar leiðar frá heimili að skóla, fjölda barna, stærð ökutækis og upplýsingum frá menntamálaráðuneyti um fjölda skóladaga á viðkomandi skólaári. Ráðherra setur vinnureglur um úthlutun framlagsins skv. tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk: Útreikningur framlaga byggist á umsóknum frá sveitarfélögum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Framlög taka mið af akstursvegalengd og fjölda farþega. Ráðherra setur vinnureglur um úthlutun framlagsins skv. tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

V. KAFLI Ýmis ákvæði.

14. gr.

Upplýsingaöflun til útreiknings framlaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga annast upplýsingaöflun og útreikninga sem úthlutun framlaga byggist á, sé eftir því leitað.

DRÖG 29. október 2018

Sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum er skylt að láta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar og úthlutunar framlaga úr sjóðnum.

15. gr.


Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2019. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, xxxx 2018.

Fylgiskjal I

Skerðing vegna stærðar.



19. desember 2018

Efni: Starfshópur um endurskoðun kosningalaga tekur til starfa – óskað athugasemda.

Hinn 24. október 2018 skipaði forseti Alþingis starfshóp um endurskoðun kosningalaga til að fara yfir tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga ásamt frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi 5. september 2016, með tilliti til hagkvæmni og skilvirkni. Jafnhliða skal starfshópurinn kanna kosti þess að setja heildarlöggjöf um framkvæmd allra almennra kosninga, er taki til kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórna, framboðs og kjörs forseta Íslands og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Loks skal starfshópurinn skoða eftir því sem tími og aðstæður leyfa kosti rafrænnar kjörskrár. Miðað er við að starfshópurinn skili tillögum sínum í formi lagafrumvarps 1. desember 2019.

Í starfshópnum sitja Bryndís Hlöðversdóttir, lögfræðingur og ríkissáttasemjari, sem jafnframt er formaður hópsins, Þórir Haraldsson, lögfræðingur, tilnefndur af landskjörstjórn, Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson, lögfræðingur, tilnefndur af dómismálaráðuneyti, Magnús Karel Hannesson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Ástríður Jóhannesdóttir, lögfræðingur og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Þjóðskrár Íslands, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands.

Starfshópurinn leggur áherslu á greiða upplýsingagjöf um vinnu hans og gott samráðsferli. Þannig er gert ráð fyrir að starfshópurinn skuli við undirbúning tillagna sinna eiga samráð við fulltrúa þingflokka um endurskoðun kosningalaga. Þessu til viðbótar verður boðið upp á samráðsferli í upphafi og lok vinnunnar auk samráðs við helstu hagsmunaaðila.

Til að tryggja breiða aðkomu að endurskoðun kosningalaga gefst kostur á að koma athugasemdum á framfæri um efnið nú á fyrstu stigum vinnunnar. Einkum er þar vísað til þeirra hugmynda sem nú þegar liggja fyrir og hópnum er ætlað að leggja til grundvallar í sínum störfum, þ.e. tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016, sem finna má á vefslóð Alþingis. Þá er sérstaklega óskað eftir athugasemdum við þá hugmynd að sett verði heildarlöggjöf um framkvæmd kosninga, er taki til kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórna, framboðs og kjörs forseta Íslands og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Á síðari stigum verður óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrög starfshópsins áður en tillögum hópsins verður skilað til Alþingis.

Vinsamlegast sendið athugasemdir til lagaskrifstofu Alþingis á netfangið kosningalog@althingi.is fyrir 22. janúar 2019. Fylgjast má með störfum starfshópsins á sérstöku vefsvæði: <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/kosningalog/>.

Virðingarfyllst,



Bryndís Hlöðversdóttir, formaður starfshóps
um endurskoðun kosningalaga

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Lilja Einarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari